



HVERS VEGNA KVENNAFRÍ

Vegna þess að:

- atvinnutekjur kvenna eru aðeins 64,15% af atvinnutekjum karla
- konur eru með 72% af launum karla fyrir jafnlangan vinnutíma
- barneignir hafa neikvæð áhrif á laun kvenna en jákvæð áhrif á laun karla
- margar konur búa við öryggisleysi og ógn á heimilum sínum
- ein af hverjum þremur konum verður fyrir kynbundnu ofbeldi á lífsleiðinni
- konur uppskera ekki í samræmi við menntun sína
- konur í fyrirtækjarekstri hafa verri aðgang að fjármagni
- ábyrgð á umönnun barna og heimilisstörfum er enn að mestu á höndum kvenna
- umönnunarstörf eru með lægst launuðu störfum á vinnumarkaði
- rödd kvenna er veik í fjölmiðlum
- litið er á líkama kvenna sem söluvöru
- kona hefur aldrei verið forsætisráðherra, bankastjóri eða biskup
- konur hafa aldrei verið helmingur þingmanna
- konur njóta ekki jafnréttis á við karla
- þessu þarf að breyta. Ég þori, get og vil!

KONUR SÝNUM SAMSTÖÐU

- Leggjum niður störf á Kvænnafrídaginn

24. október kl. 14:08 (þá hafa konur unnið fyrir launum sínum miðað við jafnar tekjur kvenna og karla)

og fyllum miðborgina svo eftir verði tekið – eins og fyrir 30 árum.

- Hittumst á Skólavörðuholti kl. 15 og förum í kröfugöngu.
- Baráttufundur á Ingólfstorgi kl. 16.



**BARÁTTUHÁTÍÐ
KVENNA 2005**